

Samstarf Náttúrustofu Vestfjarða og sveitarfélaga á Vestfjörðum

Nafn stofnunar: Náttúrustofa Vestfjarða

Helstu viðfangsefni: Vísindi, náttúra og menning. Starfsemi á sviði náttúruvísinda í samræmi við hlutverk náttúrustofa sbr. 11.grein laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, með síðari breytingum. Umhverfissvottun Vestfjarða í samstarfi við Vestfjarðarstofu. Öflug fornleifadeild á sviði fornleifarannsóknna. Samstarfsaðili fyrirtækja og sveitarfélaga á starfssvæðinu í verkefnum er tengjast rannsóknum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, fornleifaskráningu, ráðgjöf, gerð vöktunaráætlana, greiningu á tegundum eða við almennar náttúruvísindarannsóknir.

Tenging verkefnisins við sveitarfélögin: Rekstur Náttúrustofu Vestfjarða er alfarið er á vegum sveitarfélaganna sex sem aðild hafa að stofunni þó með fjárhagslegum stuðningi frá ríkissjóði samkvæmt samningum þar um (núverandi samningur hefur gildistíma út árið 2023). Sveitarfélögin sem aðild hafa að Náttúrustofu Vestfjarða eru Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Tálknafjarðarhreppur, Strandabyggð og Vesturbyggð. Sveitarfélögin greiða árlega sem nemur 30% af framlagi ríkisins, líkt og nánar er kveðið á um í samningi aðildarsveitarfélaganna við umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Aðrar tekjur Náttúrustofu eru sértekjur af útseldum verkefnum og verkefnastykir.


Fjöldi stjórnarmanna og aðkoma sveitarfélaga að stjórn ef um slíkt er að ræða: Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða er kosin að afloknum sveitarstjórnarkosningum á samráðsfundi aðildarsveitarfélaga, sem haldinn er í september á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru, en í maí þess utan. Stjórnina skipa þrjú fulltrúar og þrjú til vara. Atkvæðavægi sveitarfélaga við skipan stjórnar fer eftir vogtölu sveitarfélaga sbr. samþykktir fjórðungssambands Vestfirðinga. Sveitarfélögin þurfa að undirbúa tilnefningu til stjórnar fyrir ársfund Náttúrustofunnar sem haldinn verður í lok september 2022.

Framkvæmdastjóri: Sigurður Halldór Árnason, líffræðingur, M.Sc. í líffræði frá Háskóla Íslands með sérhæfingu í stofnerfðafræði plantna. Sigurður er doktors kandidat í líffræði við Háskóla Íslands og Háskólanum á Hólum þar sem hann stundar rannsóknir tengdar þróunarvístfræði ferskvatnsfiska.

Fjöldi starfsmanna: 10

Vefsíða: www.nave.is

F/h Náttúrustofu Vestfjarða



Sigurður Halldór Árnason